

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**873. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. júní 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

### **Afgreiðslur:**

- 1. Rekstrarstjóri er mættur til fundar við byggðarráð.** Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að og framundan eru s.s. vinnu við lagningu hitaveitu og ljósleiðara í dreifbýli, frágang á rennibraut, tjaldsvæði á Borðeyri, viðhald í grunnskóla, vatnsveitu, fráveitu ofl.
- 2. 1504008 Lagt fram til kynningar bréf Vegagerðarinnar** dags 3. júní sl. úthlutun til styrkvega 2015. Í bréfinu kemur fram að úthlutun til styrkvega í Húnaþingi vestra árið 2015 er kr. 2.500.000
- 3. 1505029 Lagt fram til kynningar bréf Umhverfisstofnunar** dags. 20. maí sl, endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016.
- 4. 1505028 Lagt fram til kynningar bréf Varasjóðs húsnæðismála dags. 21. maí sl.,** Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.
- 5. 1506007 Lagt fram bréf Sýslumannsins á Norðurlandi vestra** dags. 2. júní sl, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007, svo og 23. gr reglugerðar nr. 585/2007. Agnes Veronika Hauksdóttir f.h. ProuTours ehf. sækir um leyfi til að reka gististað í flokki V að Laxahvammí í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra
- 6. 1506017 Lagt fram tölvubréf formanns Róta bs.** þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórna um erindi Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um úrsögn þessara sveitarfélaga úr Rótum bs. sbr. meðfylgjandi bréf Velferðarráðuneytisins til Róta bs. dags. 1. júní 2015. Lögð fram eftirfarandi bókun “ Byggðarráð Húnaþings vestra gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að stjórn Róta bs. veiti jákvæða umsögn um ósk Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um að hverfa út úr samstarfi á vettvangi Róta bs. um málefni fatlaðs fólks, svo framarlega sem að tryggt sé að sveitarfélög á Norðurlandi vestra fái undanþágu frá lágmarksbúafjölda þjónustusvæða skv. 4. gr. laga nr 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.“

**7. 1505031 Samráðvettvangur Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Listi yfir fulltrúa Húnaþings vestra lagður fram til kynningar.**

**Aðalmenn**

Bjarni Þór Einarsson, Björn Traustason, Ingibjörg Jónsdóttir, Guðrún Lára Magnúsdóttir, Sigrún B. Valdimarsdóttir, Reimar Marteinnsson og Ingimar Sigurðsson

**Varamenn:**

Guðmundur Haukur Sigurðsson, Vigdís Gunnarsdóttir, Eðvald Daníelsson, Sigurður Þór Ágústsson, Elín R. Líndal, Þórey Edda Elísdóttir og Magnús Magnússon.

**8. Verkstjóri Þjónustumiðstöðvar.** Byggðarráð samþykkir að afturkalla auglýsingu um starf verkstjóra í þjónustumiðstöð.

Samþykkt að taka á dagskrá.

**9. Starfsmaður þjónustumiðstöðvar.** Frá áramótum hefur verið ómönnuð hálf staða í þjónustumiðstöð og í fjárhagsáætlun ársins 2015 var gert ráð fyrir hálfu stöðugildi vegna aukinna umsvifa í tengslum við hitaveituframkvæmdir. Byggðarráð samþykkir að auglýsa eftir starfsmanni í 100% starf við þjónustumiðstöð, sem m.a. fylgir eftir ákvörðunum rekstrarstjóra.

**10. 1506001 Lagt fram tölvubréf frá Húnavirki ehf.** dags í dag 8. júní, þar sem hann mótmælir afgreiðslu sveitarstjórnar á útboði um skólaakstur. Byggðarráð vekur athygli bréfitara á að sveitarstjórn hefur ekki afgreitt útboðið en mun taka endanlega ákvörðun á fundi sveitarstjórnar á morgun 9. júní

**11. Samgönguáætlun.** Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir furðu yfir tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun árána 2015 til 2018 sem lögð var fram af innanríkisráðherra á dögum. Ekki er að sjá af áætluninni að til standi að setja nokkurt fjármagn til vegaf framkvæmda í sveitarfélaginu. Víða í Húnaþingi vestra er ástand vega orðið þannig að stór hætta stafar af, má þar til dæmis nefna Vatnsnesveginn (711) þar sem um fer gríðarlegur fjöldi bíla á degi hverjum árið um kring en umferð ferðamanna hefur aukist þar jafnt og þétt. Einnig má nefna gatnamót þjóðvegur 1 við Laugarbakka þar sem mildi er að ekki hafi orðið stórslys. Stofn og tengivegir í sveitarfélaginu eru víða í mjög slæmu ástandi. Eru þá aðeins nefnd örfá dæmi af fjölmörgum. Byggðarráð lýsir jafnframt furðu sinni yfir vinnubrögðum samgöngunefndar sem boðaði til fundar til umræðna um áætlunina í Reykjavík með minna en sólarhrings fyrirvara í gegnum landshlutasamtökin. Í því fundarboði voru landshlutasamtökin beðin að koma skilaboðum til sveitarfélaganna að fulltrúum þeirra væri einnig boðið að sækja fundinn. Slíkt er ómögulegt með svo stuttum fyrirvara og vanvirðing við sveitarfélög á landsbyggðinni. Sökum þessa er sveitarstjóra falið að taka saman minnisblað um brýnustu vegaf framkvæmdir í sveitarfélaginu og biðja um áheyrn hjá nefndinni hið fyrsta.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 16:07

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir